

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1932.

*Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1932, undirskrifað af konungi 11. janúar 1932 (nr. 1).*

*Konungsbréf um setning Alþingis, undirskrifað af konungi sama dag (nr. 2).*

*Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Brasilíu um gagnkvæm beztu kjör að því er snertir inn- og útflutningstolla, undirskrifuð af forsætisráðherra 18. janúar 1932 (nr. 3).*

*Lög um ríkisábyrgð á innstæðufé Útvegsbanka Íslands h/f, undirskrifuð af konungi 25. febrúar 1932 (nr. 4).*

*Auglýsing um samning milli Íslands og Finnlands um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gerður á Þingvöllum þann 27. júní 1930, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. marz 1932 (nr. 5).*

*Auglýsing um samning milli Íslands og Noregs um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gerður á Þingvöllum þann 27. júní 1930, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag (nr. 6).*

*Auglýsing um samning milli Íslands og Svíþjóðar um lausn deilumála með friðsamlegum hætti, gerður á Þingvöllum þann 27. júní 1930, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag (nr. 7).*

*Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku um gagnkvæma viðurkenningu á hleðslumerkjaskirteinum skipa, undirskrifuð af forsætisráðherra 16. marz 1932 (nr. 8).*

**Bréf dómsmálaráðuneytisins til fræðslumálastjóra, um nýjar 1  
reglur fyrir Gjafasjóð síra Þórarins prófests Böðvarssonar og eigin- 23. marz  
konu hans, frú Þórunnar Jónsdóttur, til skólahalds í Flensburg.**

Með lögum nr. 48 frá 1930, um gagnfræðaskóla, er ákveðið, að slíkur skóli skuli vera í Hafnarfirði, og það með, að stofnkostnaður gagnfræðaskóla og rekstrarkostnaður skuli greiddur sumpart úr ríkissjóði og sumpart úr hlut- aðeigandi bæjarsjóði. Þar sem nú svo er komið, að halda ber gagnfræðaskóla í Hafnarfirði á opinberan kostnað, verður að setja nýjar reglur um það, hvernig varið skuli gjöf síra Þórarins prófests Böðvarssonar og eigin konu hans, frú Þórunnar Jónsdóttur, til skólahalds í Flensburg í Hafnarfirði. Það er auðvitað sjálfsgagt, að hina góðu gjöf nefndra hjóna verður ævinlega, hvernig sem kring- umstæður breytast, að nota eftir því sem unnt er í samræmi við vilja gefend- anna, og, eins og nú stendur á, þá að því er virðist til eflingar starfsemi gagn-

1 fræðaskólans í Hafnarfirði, án þess notuð sé að nokkru til þeirra hluta, sem  
23. marz kosta skal af opinberu fé lögum samkvæmt. Ráðuneytið gerir og ráð fyrir því, að gagnfræðaskólinn í Hafnarfirði verði kenndur við Flensborg og nefndur Flensborgarskólinn eins og gamli skólinn þar, til þess að menn muni gjöf þessa.

Samkvæmt gjafabréfinu, sem er dagsett 10. ágúst 1877, voru meðal annars gefnar tvær fasteignir, sem sé heimajörðin Hvaleyri og Flensborgareignin, nú báðar innan Hafnarfjarðarkaupstaðar. Stofnunarskrá fyrir alþýðuskólann í Flensborg var sett af stiptsyfirvöldunum 18. febrúar 1878 (Stj.tíð. 1878, B, nr. 29) og síðan setti landshöfðinginn reglugerð fyrir alþýðuskólann og gagnfræðaskólann í Flensborg 21. júlí 1882 (Stj.tíð. 1882, B, nr. 137).

Eignir gjafasjóðsins eru nú þessar:

1. Heimajörðin Hvaleyri, húsalaus, leigð 15. júní 1916 um 50 ár, fyrir 150 kr. ársleigu.
2. Flensborg með skólahúsi og 3 útihúsum, ásamt lóð og túni, ca. 3 dagsláttur.
3. Innstæða í sparisjóði Hafnarfjarðar, kr. 8340,00, og óinnheimt afgjöld, kr. 400,00.

Með skirskotun til þess er að ofan greinir, skal yður, herra fræðslumálastjóri, til vitundar gefið til leiðbeiningar, að ráðuneytið hefir í dag sett eftirfarandi nýjar

## REGLUR

um

Gjafasjóð sira Þórarins prófests Böðvarssonar og eiginkonu hans, frú Þórunnar Jónsdóttur, til skólahalds í Flensborg.

### 1. gr.

Höfuðstól gjafasjóðsins má aldrei skerða. Tekjum sjóðsins má aðeins verja til eflingar skólustarfsemi gagnfræðaskólans í Hafnarfirði, á þann hátt, er síðar greinir.

### 2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, sem sé formaður, skipaður af ráðuneytinu, bæjarfógetinn í Hafnarfirði og bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Sjóðstjórnin hefir umráð eignanna að öllu leyti og ávaxtar fé sjóðsins, á tryggilegan hátt. Hún má þó eigi selja af fasteignum sjóðsins, nema að fengnu samþykki ráðuneytisins. Hún semur árlega reikning sjóðsins og sendir hann ráðuneytinu.

Stjórn sjóðsins starfar kauplaust.

### 3. gr.

Fimmtungur teknanna skal jafnan lagður við höfuðstólinn, en  $\frac{4}{5}$  hlutum þeirra ráðstafar sjóðstjórnin til eflingar skólahaldinu í gagnfræðaskól-

anum í Hafnarfirði, svo sem til íþróttá, bóka- og áhaldakaupa og til ferðalaga **1**  
nemenda með kennurum innanlands í menntunarskyni, og enn fremur má <sup>23. marz</sup>  
styrkja fátæka nemendur úr Gullbringusýslu og úr Kjósarsýslu.

Aldei má verja fé sjóðsins til útgjalda, sem greiða skal lögum samkvæmt  
af opinberu fé.

#### 4. gr.

Meðan ekki er reist hús handa gagnfræðaskólanum í Hafnarfirði sam-  
kvæmt gagnfræðaskólalögunum, skal skólinn hafa ókeypis til afnota kennslu-  
stofur Flensborgareignarinnar eins og þær eru nú.

#### 5. gr.

Stofnunarskrá fyrir alþýðuskóla í Flensborg, 18. febrúar 1878, og reglu-  
gerð fyrir alþýðuskólann og gagnfræðaskólann í Flensborg, 21. júlí 1882, eru  
felldar úr gildi.

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um að prests- **2****  
**setur Mýrdalsþingaprestakalls í Vestur-Skaftafellsprófastdæmi skuli <sup>30. marz</sup>**  
**framvegis vera í Vík í Mýrdal.**

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 16. f. m., er fylgdi  
bréf sóknarprestisins í Mýrdalsþingaprestakalli, síra Þorvarðar Þorvarðarson-  
ar, dags. 21. jan. s. l., með 12 fylgiskjölum, þar sem farið er fram á, að ráðu-  
neytið heimili að sóknarpresturinn sitji framvegis í Víkurkaupþúni, skal yður  
hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að ráðu-  
neytið hefir samkvæmt ósk allra sókna prestakallsins og tillögum yðar, ákveðið  
að prestsetur Mýrdalsþingaprestakalls í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi verði  
framvegis í Vík í Mýrdal.